



Fréttatilkynning

24 November 2022 16:43:00 GMT

## Styrmir Sigurjónsson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Arion banka hættir störfum

**Styrmir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Arion banka, hefur óskað eftir að láta af störfum hjá bankanum. Styrmir hefur verið framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs og setið í framkvæmdastjórn bankans frá árinu 2020. Styrmir mun gegna starfi framkvæmdastjóra þar til nýr aðili tekur við starfinu.**

### **Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka:**

„Styrmir hefur leitt umfangsmiklar breytingar þegar kemur að upplýsingatæknimálum hjá Arion banka og gert það með afar farsælum hætti. Ég þakka Styrmí hans góðu störf í þágu bankans og óska honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann tekst á hendur.“

### **Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

---

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s. 856 7108.

### **Viðhengi**

---

[Styrmir Sigurjónsson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Arion banka hættir störfum](#)